

Föstudaginn 30. janúar 1987.

Nr. 173/1985. **Sigurbjörg Björnsdóttir vegna
sjálfrar sín og f.h. ófjarráða
dóttur sinnar Írisar Jónsdóttur**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

John A. Woods og

Hagtryggingu h/f

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Áhættutaka. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörns-son og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunar-
stefnu 17. júlí 1985. Af þeirra hálfu eru gerðar eftirgreindar dóm-
kröfur:

„A. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skaða-
bætur sem hér segir: Til áfrýjandans Sigurbjargar: Aðallega að fjár-
hæð kr. 1.161.131,00, til vara að fjárhæð kr. 1.154.238,00 og til
þrautavara að fjárhæð kr. 978.587,00. Til áfrýjandans Írisar: Aðal-
lega að fjárhæð kr. 489.916,00, til vara að fjárhæð kr. 487.571,00
og til þrautavara að fjárhæð kr. 425.181,00.

B. Að tildæmdar bótafjárhæðir beri vexti sem hér segir: Aðal-
lega 37% ársvexti frá 10. janúar 1982 til 31. október 1982, en 45%
ársvexti frá þeim degi til 20. september 1983, en 37% ársvexti frá
þeim degi til 20. október 1983, en 36% ársvexti frá þeim degi til
20. nóvember 1983, en 32% ársvexti frá þeim degi til 20. desember
1983, en 25% ársvexti frá þeim degi til 20. janúar 1984, en 19%
ársvexti frá þeim degi til 11. september 1984, en dómvexti frá þeim
degi til greiðsludags. Til vara 34% ársvexti frá 10. janúar 1982 til
31. október 1982, en 42% ársvexti frá þeim degi til 20. september
1983, en 35% ársvexti frá þeim degi til 20. október 1983, en 32%
ársvexti frá þeim degi til 20. nóvember 1983, en 27% ársvexti frá
þeim degi til 20. desember 1983, en 21,5% ársvexti frá þeim degi

til 20. janúar 1984, en 15% ársvexti frá þeim degi til 11. ágúst 1984, en 17% ársvexti frá þeim degi til 11. september 1984, en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

C. Að tekið verði fram í dómsorði að tildæmdir vextir skuli bætast við þann höfuðstól bótanna, sem vextirnir reiknast af sem hér segir: Aðallega í fyrsta sinn 31. desember 1982 og síðan á 12 mánaða fresti.

1. varakrafa: Í fyrsta sinn 10. janúar 1983 og síðan á 12 mánaða fresti.

2. varakrafa: Að tildæmdir vextir fyrir tímabilið 11. september 1984 til 31. desember 1984 skuli bætast við höfuðstólinn þann dag og síðan skuli áfallandi vextir bætast við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti.

3. varakrafa: Að tildæmdir vextir fyrir tímabilið 11. september 1984 til 13. september 1985 skuli bætast við höfuðstólinn þann dag og síðan skuli áfallandi vextir bætast við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti.

4. varakrafa: Að tildæmdir vextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skuli bætast við höfuðstólinn þann dag og síðan skuli áfallandi vextir bætast við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti.

D. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða áfrýjendum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Tildæmdur málskostnaður beri vexti sem hér segir:

1. Málskostnaður í héraði beri 19% ársvexti aðallega frá 19. apríl 1985 til greiðsludags en til vara frá sama tíma og krafist er um málskostnaðinn í Hæstarétti hér á eftir.

2. Málskostnaður í Hæstarétti beri 27% ársvexti aðallega frá 26. janúar 1987 til greiðsludags en til vara frá þeim degi er dómur Hæstaréttar verður aðfararhæfur og til greiðsludags.

3. Tekið verði fram í dómsorði um vextina á málskostnaðinn að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól sem vextirnir reiknast af á 12 mánaða fresti, aðallega í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir upphafstíma vaxtanna, en til vara í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafstímann.“

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði gert að greiða þeim málskostn-

að fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast stefndu þess, að kröfur áfrýjenda verði lækkaðar verulega og einungis verði dæmdir einfaldir almennir sparisjóðsveitir á bótafjárhæð til Sigurbjargar frá slysdegi til greiðsludags en til Írisar frá 9. september 1982. Málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Með bréfi dagsettu 22. febrúar 1985 var af hálfu stefndu leitað álits Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands um ætlaða ölvun Michaels S. Woods.

Í svarbréfi forstöðumanns rannsóknastofunnar, dr. Þorkels Jóhannessonar prófessors, dagsettu 28. febrúar 1985, segir svo:

„Blóðgjafir, sem hlutaðeigandi maður fékk þegar á bilinu kl. 1:50-2:45 að því best verður séð, ásamt verulegum blóðmissi 1-1½ klukkustund þar á undan, gætu truflað svo mjög ákvarðanir á alkóhóli í blóði til lækkunar, að þeim niðurstöðutölum megi lítt eða ekki treysta til þess að meta, hver þéttni alkóhóls kunni að hafa verið í blóðinu, þegar maðurinn varð fyrir slysinu. Niðurstöðutölur ákvörðunar alkóhóls í þvagi taka hins vegar af allan vafa um það, að maðurinn hafi drukkið áfengi skömmu fyrir slysið, og benda jafnframt eindregið til þess, að hann hafi verið ölvaður, þegar slysið bar að höndum.“

Með ofangreindu vottorði forstöðumannsins, skýrslu stefnandans Sigurbjargar og vætti Guðbjargar Ástu Jónsdóttur, Örvars Kristjánssonar og Ómars Kristjánssonar, telst sannað, að Michael S. Woods var ölvaður, þegar hann ók af stað frá Kirkjuvegi 34 í Keflavík í nefnt sinn með farþegana Jón Óla Jónsson og Hjálmar Hjálmarsson. Alkóhól í blóði Hjálmars Hjálmarssonar mældist 0,85‰ og í þvagi 0,77‰. Alkóhól í blóði Jóns Óla mældist 1,80‰ og í þvagi 2,30‰. Var hann því sjálfur ófær um að aka bifreiðinni.

Þegar bifreiðinni var ekið frá Kirkjuvegi 34, sat Hjálmar í aftursæti hennar. Er lögreglumenn komu á vettvang eftir slysið lá Michael tólf metrum vestan við bifreiðina en Jón Óli níu metrum austan við hana. Hjálmar var hins vegar „í krjúpandi stellingu í aftursæti bifreiðarinnar“. Bifreiðin var tvennra dyra. Atvik málsins benda þannig eindregið til þess, að Hjálmar hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar, þegar slysið varð.

Ber að líta svo á að með þátttöku sinni í nefndri ökuferð hafi

Jón Óli tekið á sig áhættu, sem veldur því, að áfrýjendur geti hvorki krafist bóta úr hendi eiganda bifreiðarinnar, stefnda John A. Woods, né stefnda Hagtryggingar h/f samkvæmt 4. mgr. 70. gr., sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Áfrýjendur fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 20. janúar 1986. Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti 90.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurbjörgu Björnsdóttur, nnr. 7769-9090, Kirkjuvegi 34, Keflavík persónulega og vegna ófjárráða dóttur sinnar, Írisar Jónsdóttur, fæddrar 9. september 1982, sama stað, gegn John A. Woods, nnr. 5201-5367, Fitjabraut 6, Njarðvík og Hagtryggingu hf., Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, með stefnu birtri 11. september 1984.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta sem hér segir:

Til stefnandans, Sigurbjargar, kr. 1.300.000,00 með 37% ársvöxtum frá 10. janúar 1982 til 31. október 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. sept. 1983 en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. okt. 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóv. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. des. 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. jan. 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. sept. 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Um vextina verði tekið fram í dómsorði að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir

reiknast af á 12 mánaða fresti, aðallega í fyrst sinn 1. janúar 1983, en til vara í fyrsta sinn 10. janúar 1983.

Til stefnandans Írisar kr. 600.000,00 með sömu vöxtum og greinir í kröfu stefnandans Sigurbjargar.

Þá er krafist málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu skv. gjaldskrá LMFÍ eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Beri málskostnaðarfjárhæðin 19% ársvexti aðallega frá dómtökudegi til greiðsludags, en til vara frá þeim degi er dómur verður aðfararhæfur til greiðsludags. Um vextina og málskostnaðinn verði tekið fram í dómsorði að þeir skuli bætast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, aðallega í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir upphafstíma vaxtanna en til vara í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafstímamann.

Stefnendur hafa fengið gjafsókn í máli þessu samkvæmt bréfi dómsmálaráðherra dags. 13. september 1984.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda og þeim tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau að aðfaranótt sunnudagsins 10. janúar 1982 varð mjög alvarlegt umferðarslys á Reykjanesbraut á Strandarheiði. Þar hafði bifreiðin JO-1011, sem var á leið til Reykjavíkur, ekið út af og farið nokkrar veltur utan vegar. Ekki voru sjónarvottar að slysinu. Í bifreiðinni voru 3 menn, Michael S. Woods, sonur stefnda Johns, Hjálmar Hjálmarsson, Kirkjuvegi 34, Keflavík og Jón Óli Jónsson, Kirkjuvegi 28, Keflavík. Er að var komið á slysstað lágu þeir Michael S. Wood og Jón Óli Jónsson utan við bifreiðina, en inni í bifreiðinni í aftursæti hennar var Hjálmar Hjálmarsson. Þeir Hjálmar og Jón Óli biðu bana í slysinu, en Michael slasaðist alvarlega.

Rannsókn á tildrögum slyssins hefur leitt í ljós að fyrr um kvöldið höfðu þeir Michael og Jón Óli drukkið saman áfengan bjór í umtalsverðum mæli að Kirkjuvegi 34, Keflavík og Hjálmar einnig að einhverju leyti að því er virðist. Um kl. 00:30 fóru þremmenningarnir frá Kirkjuvegi 34, Keflavík á bifreiðinni JO-1011 sem var eign föður Michaels, stefnda John Woods. Upplýst er að þá var Michael ökumaður bifreiðarinnar en Jón Óli sat í framsæti hennar og Hjálmar aftur í. Ekið var að heimili Michaels, Fitjakrauni 6, Njarðvík, þar sem hann hafði mjög stutta viðdvöl. Þaðan var ekið áleiðis til Reykjavíkur, en um þá ökuferð, aðdraganda og orsakir útafakstursins er ekkert vitað. Ummerki á vettvangi þóttu þó benda til að bif-

reiðinni hefði verið ekið greitt. Myrkur var og akbraut hál er slysið varð.

Lögreglan kom á vettvang um kl. 1:05, eftir að tilkynnt hafði verið um akstur bifreiðarinnar JO-1011 frá Kirkjuvegi 34, Keflavík. Þeir Hjálmar Hjálmarsson og Jón Óli Jónsson voru fluttir á sjúkrahúsið í Keflavík þar sem þeir voru úrskurðaðir látnir. Michael Woods var fluttur á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík til læknismeðferðar. Þar var honum tekið blóð og þvagsýni til alkóhólákvörðunar kl. 02:45. Mældist magn alkóhóls í blóði hans 0,0‰, en 1,84‰ í þvagi. Magn alkóhóls í blóði Hjálmars mældist 0,85‰ og í þvagi 0,77‰ en hjá Jóni Óla í blóði 1,80‰ og í þvagi 2,30‰.

Ríkissaksóknari höfðaði opinbert mál á hendur Michael Woods fyrir sakadómi Njarðvíkur vegna umferðarslyss þessa. Var Michael gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni JO-1011 undir áhrifum áfengis, óvarlega og of hratt í hálku og myrkri með þeim afleiðingum að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni á Reykjanesbraut, sem hafi farið út af brautinni, oltið og tveir farþegar hans, þeir Hjálmar Hjálmarsson og Jón Óli Jónsson beðið bana. Dómur gekk í málinu þann 7. mars 1983 og var ákærði sýknaður af refsikröfunum. Þótti bæði ósannað að hann hefði verið undir áhrifum áfengis þegar slysið varð, auk þess sem ekki þótti unnt að slá því föstu að hann hafi verið ökumaður bifreiðarinnar JO-1011 er slysið varð.

Stefnandinn, Sigurbjörg Björnsdóttir, var sambýliskona Jóns Óla Jónssonar. Ól hún honum dóttur, stefnandann Írisi, eftir andlát hans eða þann 9. september 1982. Í máli þessu krefja þær mæðgur skráðan eiganda bifreiðarinnar, stefnda John A. Woods, og ábyrgðartryggjanda hennar, Hagtryggingu hf., um bætur fyrir missi framfærandi og bætur fyrir röskun á stöðu og högum.

III.

Stefnendur byggja kröfu sína á hendur stefnda John A. Woods á 69. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 40/1968, en ákvæðið hafi verið skýrt svo að eigandi bifreiðar beri rikari ábyrgð á skaðaverkum ökumanns heldur en leiði af almennum skaðabótareglum, þó um sé að ræða tjón sem hvorki falli undir 67. né 68. gr. umferðarlaga. Kröfu sína á hendur stefnda Hagtryggingu hf. byggja stefnendur á 70. gr. 3. mgr. umferðarlaga. Sé málið höfðað beint á hendur félaginu með heimild í 74. gr., 2. mgr. sömu laga. Að öðru leyti vísist til 264. gr., 2. mgr. 1. nr. 19/1940 um lagarök fyrir kröfu stefnanda..

Málsástæður og lagarök stefnenda eru þessi:

1. Um bótaábyrgð stefndu.

Í dómi sakadóms Njarðvíkur frá 7. mars 1983 var talið ósannað að Michael Sigurður Woods hefði verið undir áhrifum áfengis þegar slysið

varð. Þá hafi ekki þótt unnt að slá föstu að Michael hafi ekið bifreiðinni er hún fór út af veginum. Hafi dómariinn komist að þessari niðurstöðu vegna þess að honum þótti hugsanlegt að Hjálmar Hjálmarsson hefði ekið. Hafa verði í huga við athugun á þessum niðurstöðum sakadómsins að þar hafi verið um að ræða úrlausn um sönnunaratriði sem hafi verið grundvöllur undir refsikröfu á hendur ákærða. Sé ekki gefið að sams konar sönnunarmat eigi við í þessu máli.

Af hálfu stefnenda sé talið að leggja verði eftirtalin atriði til grundvallar um atvik:

1. Ósannað sé að Michael S. Woods hafi verið undir áfengisáhrifum þegar slysið varð.

2. Ósannað sé að Hjálmar Hjálmarsson hafi verið undir áfengisáhrifum. A.m.k. verði að miða við að þau hafi þá verið svo smávægileg, að ekki hafi mátt greina þau á honum.

3. Annaðhvort Michael S. Woods eða Hjálmar Hjálmarsson hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn. Sé langlíklegast að það hafi verið Michael. Alla vega liggja fyrir að Jón Óli Jónsson hafi ekki ekið bifreiðinni.

4. Atvikin að slysinu sjálfu liggja ekki fyrir, enda sé enginn til frásagnar um atburðinn. Fyrir liggja þó að akbrautin hafi verið bein og breið á þeim stað sem slysið varð og yfirborð hennar hált. Af aðstæðum verði enn fremur dregin sú ályktun að bifreiðinni hafi verið ekið mjög greitt. Séu yfirgnæfandi líkur til að slysið megi því rekja til gáleysislegs aksturs ökumanns miðað við aðstæður. Skuli þá auk framangreindra atriða haft í huga, að slysið hafi orðið um nótt í vetrarveðri í svartasta skammdeginu.

Lagagrundvöllurinn undir kröfum stefnenda sé því sá, að ökumaður bifreiðarinnar (hvort sem það hafi verið Michael S. Woods eða Hjálmar Hjálmarsson) eigi sök á slysinu. Svo sem 69. gr., 1. mgr. umferðarlaga nr. 40/1968 hafi verið skýrð af dómstólum leiði þetta til bótaábyrgðar stefnda Johns A. Woods. Stefndi Hagtrygging hf. beri síðan ábyrgð skv. 70. gr., 3. mgr. sömu laga, enda nái ábyrgðartryggingin skv. ákvæðinu bæði til fébótaábyrgðar ökumanns bifreiðarinnar vegna sakar hans og fébótaábyrgðar eiganda vegna 69. gr., 1. mgr. laganna. Krafist sé aðfaradóms á hendur félaginu með heimild í 74. gr., 2. mgr. umferðarlaga.

II. Um kröfufjárhæð.

Um málskostnað.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar til stefnenda verði miðað við að samanlögð fjárupphæð höfuðstóls og vaxta myndi þann höfuðstól sem kostnaðurinn sé reiknaður af. Þá sé þess krafist að tekið verði fullt

tillit til alls útlagðs kostnaðar (sjá dskj. nr. 26 og 27) að viðbættum vöxtum eða verðbótum frá þeim dögum, er kostnaðurinn var greiddur. Loks er krafist vaxta af málskostnaði. Beri sú krafa auðvitað dráttarvexti rétt eins og hver önnur peningakrafa milli aðila. Eigi krafa um þessa vexti vitaskuld hvergi heima nema í því máli, sem dæmi málskostnaðinn sjálfan.

Sýknukrafa stefndu er byggð á eftirfarandi rökum: Krafa stefnenda sé reist á hinum hlutlægu bótareglum umferðarlaga, enda ekkert komið fram varðandi slysið um ástand bifreiðarinnar sem hægt sé að leggja bifreiðar-eigandanum huglægt til sakar. Skv. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga gildi hin hlutlæga ábyrgðarregla ekki gagnvart farþega sem ekki sé fluttur gegn gjaldi. Breyti þar engu þótt um sök hjá ökumanni kunni að vera að ræða, a.m.k. ef hann sé annar en eigandi og aki ekki beint á hans vegum. Í þessu máli sé óljóst hver hafi verið ökumaður og tryggingarfélagið eða eigandi geti þar af leiðandi ekki beitt almennum reglum um endurkröfu á hendur ökumanni. Túlka beri 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga þröngt og í samræmi við hljóðan hennar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 28. maí 1982, þar sem hafnað var rýmkandi lögskýringu. Ljóst sé í máli þessu að ef Jón Óli hafi ekki ekið bifreiðinni, þá hafi hann verið farþegi án þess að nokkuð (sic) gjald kæmi til fyrir aksturinn og beri því þegar af ofangreindri ástæðu að sýkna stefndu í máli þessu, en önnur atriði komi þar einnig til.

Telja verði að mjög svo gáleysislegur akstur bifreiðarinnar JO-1011 hafi valdið slysinu. Afleiðingar slyssins og vettvangsrannsókn bendi til að bifreiðinni hafi verið ekið á ofsahraða er óhappið varð. Líkur séu til þess, að ökumaður hafi verið Michael S. Woods sem fjöldamörg vitni hafi séð neyta áfengis fyrir brottförina og hafi merkt það veruleg áfengisáhrif á honum að reynt hafi verið að hindra að hann æki bifreiðinni, og síðar hafi ölvunarakstur hans verið tilkynntur til lögreglunnar í Keflavík. Dómur sakadóms Njarðvíkur frá 7. mars 1983, þess efnis að ósannað þyki að Michael hafi verið undir áhrifum áfengis þegar slysið varð, raski ekki réttmæti þessa dómstóls til að meta sjálfstætt þetta sönnunatriði. Fram komi í framlögðu dskj. nr. 11 að Michael hafi verið með verulega öndunarörðugleika er komið var á slystað og hafi slím og blóð verið sogað úr hálsi og nefi og honum jafnframt gefið súrefni á leið frá slystað í sjúkrahúsbifreiðinni. Framburður vitna samkvæmt framlögðum lögregluskýrslum og sakadómsrannsókn sé það glöggur og ótvíræður varðandi ölvun Michaels er hin orlagaríka ferð hófst, að fullljóst sé að hann hafi verið allsóhæfur að stjórnna bifreiðinni. Ástand hans við slösunina geti skýrt að engan áfengisþef lagði frá vitum hans og súrefnisgjöf, blóðmissir og blóðgjöf á Borgarspítala geti skýrt niðurstöðu blóðrannsóknarinnar, en blóðsýni hafi fyrst verið tekið um þrem klukkustundum eftir slysið. Jafnframt megi benda á rugling með nöfn á blóðsýnum og flutning blóðsýnis milli umdæma, sbr.

dskj. nr. 28, en þetta séu atriði sem einnig geti skýrt hina furðulegu niðurstöðu blóðrannsóknarinnar.

Samkvæmt framburðum vitna í áður tilvitnuðum gögnum sé ljóst að Hjálmar Hjálmarsson hafi einnig neytt einhvers áfengis fyrir ökuferðina, og trúlega einnig meðan á henni stóð ef tekið sé mið af niðurstöðum rannsóknar á áfengismagni í blóði hans og þvagi.

Þar sem Jón Óli hafi setið að drykkju með ofangreindum ungmennum hafi honum mátt vera fullljóst að þeir hafi verið óhæfir að aka bifreiðinni. Hafi hann einnig verið viðstaddur þegar reynt var að stöðva akstur Michaels, og jafnframt mátti honum vera fullkunnugt um að Hjálmar hafði verið sviptur ökuleyfi vegna ölvunaraksturs og hafði því ekki heimild til að aka bifreiðinni. Hér var um skemmtiferð ungmennanna að ræða. Ætlunin hafi verið að fara í veitingahús í Reykjavík og virðist sem ekið hafi verið mjög greitt, enda skammt til lokunar veitingahússins. Ljóst sé að Michael hafi ekið bifreiðinni er farið var frá Kirkjuvegi 34. Aftur á móti sé ekki upplýst hver hafi ekið bifreiðinni er óhappið varð. Allir er í bifreiðinni voru virðast hafa verið nokkuð ölvaðir og óhæfir að stjórna henni. Hugsast geti að Jón Óli hafi jafnvel stjórnað bifreiðinni sjálfur. Ökuferð þessi hafi algjörlega verið á eigin ábyrgð þeirra sem í bifreiðinni sátu. Miðað við ölvunarástand, tilgang ferðarinnar og akstursmáta sé eðlilegt að líta svo á að ferðin hafi algjörlega verið á eigin áhættu ungmennanna og eigi þeir að bera halla af óvissunni hver hafi verið ökumaður bifreiðarinnar. Samkvæmt ofangreindu telji stefndu að Jón Óli hafi fyrirgert öllum rétti sínum til bóta og geti stefnendur því ekki krafið stefnda um bætur vegna atburðar þessa.

Varakrafa stefndu er byggð á eftirfarandi rökum: Ef ekki verði fallist á að sýkna stefndu á grundvelli ofangreindra raka, sé þess krafist að bætur séu lækkaðar verulega skv. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, þar sem a.m.k. megi telja að um mikla „óforsjálmi“ hafi verið að ræða hjá Jóni Óla að fara í títtnefnda ökuferð sbr. dóm Hæstaréttar frá 18. apríl 1978 í málinu nr. 147/1976.

Við munnlegan flutning málsins féllu stefndu frá þeim málsástæðum sínum um sýknu sem varða það að stefnandinn Sigurbjörg og Jón Óli heitinn hafi ekki verið í sambúð er slysið varð sem og það að óvist væri að Jón Óli hafi verið faðir barns hennar, stefnandans Írisar.

Bótafjárhæðum stefnenda er mótmælt sem alltof háum.

IV.

Svo sem fram er komið er málatilbúnaður stefnenda m.a. á því byggður að slysið hafi orðið vegna gáleysislegs aksturs ökumanns bifreiðarinnar

JO-1011 tiltekið sinn, sem annaðhvort hafi verið Michael S. Woods eða Hjálmar Hjálmarsson heitinn.

Í greindu refsímáli á hendur Michael S. Woods þótti ekki unnt að slá því föstu, að hann hefði verið ökumaður bifreiðarinnar JO-1011 við útafaksturinn umrætt sinn þar sem til tals hefði komið að Hjálmar heitinn æki og að ökumannsskipti hefðu t.d. getað átt sér stað við heimili Michaels í Njarðvík.

Í þessu máli hafa engin ný gögn verið lögð fram sem skýra fremur en fyrr hver hafi verið ökumaður bifreiðarinnar er slysið varð og verður því um það álitaefni að byggja á sömu gögnum og fyrir sakadómi Njarðvíkur lágu.

Þótt líklegt megi telja að Michael S. Woods hafi verið ökumaður bifreiðarinnar við slysið verður ekki talið fullvíst að svo hafi verið, svo sem gögn liggja fyrir í máli þessu. Er og jafnvel fyrir hendi sá möguleiki að Jón Óli Jónsson heitinn hafi sjálfur ekið.

Sé litið til þessa, svo og með tilliti til þeirrar áhættu sem Jón Óli heitinn tók á sig með því að fara í ökuferð þessa, við þær aðstæður sem voru og fyrr er lýst, verður að telja að enginn grundvöllur sé fyrir bótakröfum stefnenda í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningslaun skipaðs talsmanns stefnenda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmans, sem ákveðast kr. 50.000,00.

Krafa stefnenda um vexti á málskostnað, sem ekki verður að séð að eigi sér lagastoð, verður ekki tekin til greina.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, John A. Woods og Hagtrygging h/f, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Sigurbjargar Björnsdóttur persónulega og f.h. dóttur sinnar Írisar Jónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningslaun skipaðs talsmanns stefnenda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmans, kr. 50.000,00.